LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

12. febrúar 2013

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Kristján L. Möller formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda um frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. (Stærðarmörk krókaaflamarksbáta, strandveiðar) Mál nr. 447 - Þingskjal nr. 561

## Stærðarmörk krókaaflamarksbáta

Tæpt ár er liðið frá því LS sendi þv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti bréf vegna stærðarmarka krókaaflamarksbáta. Þar var þess getið að félaginu hefðu borist upplýsingar í desember 2011 um að áformað væri að stækka krókaaflamarksbát þannig að hann færi yfir stærðarmörk krókaaflamarkskerfisins sem nær að 15 brt. Viðkomandi spurði LS hvort báturinn mundi halda krókaaflamarksleyfinu ef hann færi yfir mörkin? Honum var svarað neitandi.

Í janúar 2012 var staðhæft við LS að Fiskistofa hefði gefið það út að ekki væru nein stærðartakmörk á krókaaflamarksbátum. Í símtali við Fiskistofu var staðfest að þetta væri rétt; „það stendur ekkert um það í lögum að hámarksstærð krókaaflamarksbát sé að 15 brt., aðeins að óheimilt sé að færa krókaaflamark á minni bát en 15 brt.“, sagði Fiskistofa.

Á fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 1. febrúar 2012 var greint frá þessu. LS mótmælti þar harðlega túlkun Fiskistofu og hvatti ráðuneytið til að fallast ekki á hana og stöðva allar tilraunir til að „smygla“ stærri bátum inn í krókaaflamarkið. Á fundinum kom fram hörð gagnrýni frá LS á Fiskistofu að leita ekki lagaskýringa í frumvarpi og ræðum á Alþingi. Það væri óásættanlegt að byggja túlkun sína, á jafn umdeildu ákvæði og þessu, á að „það sem standi ekki í lögunum sé heimilt“.

LS benti máli sínu til stuðnings á tvennt:

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

1. Lokamálsgrein 1. gr. L. 3/2002, sem orðast svo:

   „Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri."

2. 6. gr. L. 85/2002 þar sem breytingin kom fram í 5. gr. frumvarpsins.
   Greinin orðaðist svo:
   „Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum" í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum."

   Í athugasemdum við 5. gr. sagði eftirfarandi í frumvarpinu:
   „Hér er lagt til að takmarka beri stærð krókaaflamarksbáta við 15 brúttótonn í stað 6 brl. eða 6 brúttótonn eins og gert er í núgildandi lögum. Þykir 6 brl. eða 6 brúttótonna takmörkunin of þröng, m.a. af öryggisástæðum. Er þetta í samræmi við tillögur meiri hluta nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þetta ákvæði á þannig einungis við krókaaflamarksbáta og gildir ekki um dagabáta."

Að mati LS var vart hægt að hafa ákvæðið skýrara, um þetta þyrfti ekki að deila.

Þar með áleit LS að málið væri úr sögunni og félagið gæti haldið áfram umræðu um stærðarmörk krókaaflamarksbáta.

Á vordögum undir þinglok kom málefnið aftur upp á yfirborðið. Þá frétti LS fyrir tilviljun að samhliða umfjöllun atvinnuveganefndar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða væri rætt um stærðarmörk krókaaflamarksbáta. Tillaga væri komin fram um að heimila viðkomandi yfirstærðarbáti að flytjast úr krókaaflamarki yfir í aflamarkið með krókaaflaheimildir með sér. Hugmyndasmiðir að þessu fengu ekki hljómgrunn hjá meirihluta nefndarinnar og hún því gerð afturreka.

Þegar hér var komið sögu var ljóst að sjávarútvegsráðuneytið var ekki tilbúið að koma til móts við kröfur LS. Málefnið fór því á annað stig sem birtist í eftirfarandi bréfi LS til Steingríms J. Sigfússonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra dagsettu 23. ágúst 2012.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

23. ágúst 2012

**Hstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**
**Steingrímur J. Sigfússon**

Efni: Fyrirhuguð kvótaúthlutun fiskveiðiárið 2012/2013

Í byrjun mars sl. sendi Landssamband smábátaeigenda (LS) ráðuneyti yðar minnisblað vegna orðróms um að áformað væri með heimild Fiskistofu að stækka krókaaflamarksbát umfram 15 brúttótonn. Fullyrt var í kjölfarið og það staðfest við LS af sérfræðingi á Fiskistofu að Fiskistofa liti svo á að ekki væru nein stærðartakmörk á krókaaflamarksbátum. Heimilt væri að úthluta krókaaflamarki á báta stærri en 15 brúttótonn.

LS mótmælti í umræddu bréfi þessari túlkun stofunnar, þar sem ítrekaður var sá skilningur að stærðarmörk krókaaflamarksbáta séu við 15 brt.

Máli sínu til stuðnings benti LS á lokamálsgrein 1. gr. L. nr. 85/2002 um breytingu á 6. gr. L. 38/1990 sem er svohljóðandi:

> *„Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki“*

sem og á athugasemdir með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum þar sem kom fram tilgangurinn með þessari breytingu. Í frumvarpinu kemur fram:

> *„Tillögum nefndarinnar um stjórnun veiða krókabáta hefur flestum þegar verið hrundið í framkvæmd með lagabreytingum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögfest verði ein tillaga nefndarinnar enn er varðar krókabáta.* ***Þannig er lagt til að takmarkanir á stærð krókabáta verði rýmkaðar úr 6 brl. eða 6 brúttótonnum eins og nú er í 15 brúttótonn****.“(leturbreyting LS)*

Er í frumvarpinu vísað til tillögu nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Ljóst er af lagaákvæðinu, athugasemdum í frumvarpinu, sem og tillögum nefndarinnar að tilgangur ákvæðisins var að hámarka stærð krókabáta við15 brúttótonn.

Í yfirferð atvinnuveganefndar Alþingis sl. vor hafði nefndin uppi áform um að gera breytingar á stærðarmörkum krókaaflamarksbáta. Það kom LS í opna skjöldu þar sem aldrei hafði verið á það minnst í undirbúningi að frumvarpinu, né öðrum frumvörpum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða í heil fjögur ár. Auk þess sem full sátt ríkti um stærðarmörkin milli stjórnvalda og Landssambands smábátaeigenda.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Við eftirgrennslan kom í ljós að undirrót þessa virðist hafa verið svarbréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins (SLR) til Samgönguráðuneytisins dagsett 28. apríl 2008 sem er meðfylgjandi. Í bréfinu var skýrt frá erindi Sæfells hf. um að Samgönguráðuneytið heimili stækkun krókaaflamarksbáts og ráðuneytið beiti sér fyrir því að báturinn haldi stöðu sinni innan krókaaflamarkskerfisins þrátt fyrir stækkun.

Í svarbréfi sínu til Samgönguráðuneytisins tiltekur SLR að „krókaaflamark og krókaaflahlutdeild verði aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann leyfi til veiða með krókaaflamarki. Fari báturinn yfir þessi stærðarmörk, þ.e. 15 brúttótonn getur hann haldið leyfi sínu til veiða í krókaaflamarki en getur ekki flutt til sín aflaheimildir í krókaaflamarki."

Þrátt fyrir að fjögur ár hafi verið liðin frá tilurð þessa bréfs var LS ekki kunnugt um það fyrr en nú í vor. Jafnframt hafði SLR ekki talið ástæðu til að skýra félaginu frá afstöðu sinni á túlkun umræddsákvæðis laganna sem þó verður að telja í andstöðu við skilning LS á krókaaflamarkskerfinu sem og lög um stjórn fiskveiða. Ennfremur er það undrunarefni að hafi ráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu fyrir fjórum árum að samkomulag um stærðarmörk krókaaflamarksbáta sem lögfest var 2002 héldi ekki að mati ráðuneytisins, hvers vegna ráðuneytið beitti sér ekki fyrir breytingu á lögum um stjórn fiskveiða hvað þetta varðar eða upplýsti LS um það með einhverjum hætti.

Á fundi LS og sérfræðingum í SLR þann 22. ágúst 2012 var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins varðandi úthlutun krókaaflaheimilda fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september nk. til báta sem væru 15 brt. og stærri. Jafnframt var skýrt frá þeirri afstöðu LS að félagið teldi slíka úthlutun brjóta gegn 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og jafnframt að félagið teldi 8. gr. reglugerðar nr. 698/2012, sem heimilar útgáfu leyfis til báts umfram 15 brúttótonn, skorta lagastoð. Af viðbrögðum að dæma er skilningur LS sá að SLR hafi ekki í hyggju að gera athugasemd við hugsanlega ákvörðun Fiskistofu um úthlutun krókaaflamarks til báts sem er stærri en 15 brúttótonn. Hafi Fiskistofa tekið ákvörðun að úthluta ekki krókaaflamarki til þessara báta fagnar LS því af heilum hug, sé afstaðan hins vegar öndverð óskar félagið eftir inngripi yðar.

*Landssamband smábátaeigenda fer þess hér með á leit við yður að heimila ekki úthlutun krókaaflaheimilda til báta sem eru 15 brt. og stærri. Það stríðir gegn ákvæði laga um stjórn fiskveiða, auk þess sem það kallar á gríðarlega hörð viðbrögð eigenda krókaaflamarksbáta og samfélagsins alls verði lögin túlkuð þeim í hag sem troða sér í gegn með fyrirsjáanlegum neikvæðum afleiðingum.*

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LS hefur margsinnis notað sterk lýsingarorð í málflutningi sínum. Hér er fullþörf á því þar sem stjórnkerfi fiskveiða stafar veruleg ógn verði krókaveiðiheimild úthlutað til báts sem er 15 brt. og stærri. Slíkt leiðir til mikillar ólgu í kerfinu. Verði af slíkri úthlutun er óhjákvæmilegt fyrir LS og félagsmenn þess að láta reyna að lögmæti slíkrar úthlutunar fyrir dómstólum. Full sátt stjórnvalda og LS er nauðsynleg í jafnviðkvæmu máli og hér er á ferðinni, þar sem einn aðili ákveður að olnboga sig fram hjá öllum reglum og skilja eftir sig rúm sem leiðir til neikvæðra breytinga á starfsumhverfi krókaaflamarksbáta enda ljóst að fjölmargir smábáta-eigendur fylgjast nú grannt með því hvort af þessari úthlutun verður.

**Virðingarfyllst**

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

_____

Arthur Bogason formaður

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Eins og háttvirtir nefndarmenn sjá kveður hér við afar alvarlegan tón. LS reiknaði með að svar bærist um hæl, enda félaginu í raun nauðsynlegt að fá þetta málefni á hreint áður en það mundi leggja af stað í undirbúning aðalfundar með aðalfundum svæðisfélaganna.

Á þeim fundum var greint frá bréfinu og að ráðherra hefði ekki svarað því. Óskað hafði verið eftir af stærðarmarkanefnd LS að málefnið yrði rætt á aðalfundum félaganna. Umræðan var nokkuð lituð af því að mönnum ætti ekki að líðast að vera verðlaunað fyrir að fara á svig við lagaumhverfi fiskveiða. Það mætti t.d. engum skilningi hjá trillukörlum að SLR segði já og amen við túlkun Fiskistofu.

- Hvers vegna ráðuneytið sem handhafi framkvæmdavaldsins heimilaði mönnum án aðgerða að fara á svig við lög um stjórn fiskveiða?
- Hvers vegna ráðuneytið innkallaði ekki veiðiheimildir viðkomandi báts þar sem hann hafði farið uppfyrir stærðarmörk krókaaflamarkskerfisins?
- Hvers vegna samgönguráðuneytið gekk erinda viðkomandi útgerðar við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið?
- Hvers vegna atvinnuveganefnd íhugaði að heimila viðkomandi útgerð að umbreyta krókaaflamarki í aflamark?

Í því andrúmslofti sem hér er lýst tóku aðalfundirnir ákvörðun varðandi stærðarmörk krókaaflamarksbáta. Á fundunum var óskað skriflegra svara við spurningunni um hvort ætti að mæla með því að breyta stærðarmörkum krókaaflamarksbáta. Niðurstaðan var skýr félagsmenn voru andvígir því að lyfta stærðarmörkum krókaaflamarksbáta.

Ekkert skal fullyrt hvort umræðan og niðurstaða fundanna hefði orðið á annan veg ef fyrirliggjandi frumvarp hefði komið fram í byrjun september. Það var því til að æra óstöðugan þegar SLR svaraði LS með því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Örugglega hefði umræðan og niðurstaða atkvæðagreiðslu orðið önnur ef menn hefðu vitað að ráðuneytið legði til að heimilað yrði að breyta krókaaflamarki yfir í aflamark hjá útgerðum sem hefðu stækkað báta sína fyrir ákveðin tímamörk. Félagsmenn hefðu þá þurft að leggja mat á hvort þeir vildu hafa óbreytt stærðarmörk og sjá á eftir miklu magni veiðiheimilda frá félaginu eða óska eftir að stærðarmörk krókaaflamarksbáta yrðu færð að 15 m að mestu lengd og engum veiðiheimildum umbreytt.

Frumvarpið sem hér er fjallað um mun leiða til minnkunar á krókaaflahlutdeild og þar með veikingar á kerfinu verði það óbreytt að lögum. Það er stílbrot á öllum prinsippum sem unnið hefur verið eftir. LS mótmælir harðlega hvers konar tillögum í þá átt að minnka vægi krókaaflahlutdeildar.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Vegna þessa stendur LS andspænis ákvörðun um hvort víkja eigi samþykktum til hliðar og biðja um að stærðarmörkin verði færð að 15 m sem mesta lengd sem ekki mun hafa í för með sér breytingu á krókaaflahlutdeild eða halda sig við samþykktir aðalfunda og sjá þá á eftir miklu magni krókaveiðiheimilda yfir í aflamark.

Af þessum sökum gerir LS tvær tillögur fyrir nefndina.

A. LS styður stærðarmarkahluta frumvarpsins að því tilskildu að krókaaflamark verði í engu tilvika umbreytt í aflamark.
B. LS lýsir andstöðu sinni við stærðarmarkahluta frumvarpsins og hvetur til að stærð krókaaflamarksbáta verði að hámarki að 15 m mestri lengd enda gerist þá ekki þörf fyrir umbreytingu krókaaflamarks né hlutdeilda í aflamark.

Að lokum vill LS koma vonbrigðum sínum á framfæri við nefndina um viðbrögð SLR við kvörtunum félagsins þegar viðmiðunarmörkin voru brotin. Það er skoðun LS að ritun bréfsins[1] til samgönguráðuneytisins í apríl 2008 hafi verið mistök þess embættismanns sem það ritaði og valdið því uppnámi sem efni frumvarpsins hefur valdið. SLR var í lófa lagið að svipta viðkomandi krókaveiðiheimildum þegar stærð hans var ekki lengur innan 15 brt. Takast hefði átt við mistökin fyrir dómstólum þar sem Sæfell hf hefði sótt málið og þannig fengið úr því skorið hvort ákvæði um stærðarmörk krókaaflamarksbáta stæðust. Hvers vegna slíkt var ekki gert er LS með öllu ókunnugt um.

[1] Sjá bls. 7

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Samgönguráðuneyti
Tryggvagata Hafnarhúsi
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 28. apríl 2008
Tilv.: SLR08030270/10.2

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu hefur borist bréf samgönguráðuneytisins dags. 17. mars 2008 þar sem óskað er eftir sjónarmiðum og afstöðu ráðuneytisins til erindis Sæfells hf. þess efnis að samgönguráðuneytið heimili stækkun á Bildsey SH 65 skipaskrárnúmer 2659 úr 11,35 metrum upp í 15 metra að mestu lengd. Í erindinu kemur enn fremur fram sú ósk að samgönguráðuneytið beiti sér fyrir því að báturinn haldi stöðu sinni innan krókaaflamarkskerfisins þrátt fyrir stækkun.

Í þessu sambandi vill sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vekja athygli á að samkvæmt 5. mgr. 12. og 8. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða verður krókaaflamark og krókaaflahlutdeild aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann leyfi til veiða með krókaaflamarki. Fari bátur yfir þessi stærðarmörk, þ.e. 15 brúttótonn getur hann haldið leyfi sínu til veiða í krókaaflamarki en getur ekki flutt til sín aflaheimildir í krókaaflamarki.

Að öðru leyti gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við fram komið erindi.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurgeir Þorgeirsson

## Strandveiðar

Veiðikerfið hefur mikið verið rætt innan LS. Sérstök strandveiðinefnd hefur verið starfandi hjá félaginu sem mótað hefur hugmyndir um breytingar á kerfinu og hvernig það gæti þróast í náinni framtíð.

Á 28. aðalfundi LS sem haldinn var 18. og 19. október sl. var mikið fjallað um strandveiðar. Í samþykkt fundarins[2] er lagt til að létta á þorskveiðum með því að auka ufsaveiðar. Annars vegar er að auka viðmiðun í ufsa sem teljist þá ekki til fækkunar daga og hins vegar að lækka ígildisstuðul fyrir ufsa í 0,3.

Þá samþykkti aðalfundur hugmyndir um að eigandi viðkomandi strandveiðibáts sé ávallt um borð enda sé eignarhlutur hans a.m.k. 25%. Aðeins verði vikið frá þessu þegar um veikindi eða slys sé að ræða, þegar barn eiganda rær bátnum og þegar fleiri en fjórir eiga jafnan hlut strandveiðibáts.

Það er skoðun LS að strandveiðar eigi ekki að skerða hlut annarra skipa. Afli þeirra eigi að vera viðbót við útgefin heildarafla. Strandveiðar hafa fest sig í sessi og stefna eigi að veiðum þeirra 4 daga í viku á núverandi veiðisvæðum tímabilið maí og til loka ágústmánaðar. Aðrar takmarkanir verði óbreyttar frá því er í gildandi lögum. LS er þess vel meðvitað að í góðum árum kann að fiskast vel, en á móti kæmu slök handfæraár og þannig mundi afli þegar til langs tíma væri litið verða svipaður og á síðasta sumri.

2. gr. athugsemd

Í a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að aflaviðmiðun í strandveiðum verði óbreytt miðað við heildarúthlutun sl. fiskveiðiárs. Hlutdeild þeirra í þorski og ufsa verður miðað við aflaviðmiðun þeirra samkvæmt gildandi lögum og fest í 3,6%. LS leggur áherslu á að textanum verði breytt þ.a. hér verði komið til móts við samþykktir félagsins sbr. framanritað. Litið verði á veiðimagn sem langtímaviðmiðun sem sveiflist í takt við fiskgengd á grunnslóð og tíðarfar.

LS ítrekar kröfu sína um að strandveiðiafli skerði hvorki króka- né aflahlutdeild.

Að öðru leyti gerir LS ekki athugasemdir við greinina.

[2] sjá bls 12

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

## Samþykkt á 28. aðalfundi

## Landssambands smábátaeigenda

### Strandveiðar svæðaskipting

Aðalfundur LS gerir tillögu að breytingum á núgildandi reglum um strandveiðar.

a. Strandveiðibátum verði heimilt að veiða alls 2.594 tonn að ufsa sem teljist ekki til viðmiðunar. Aflamagnið er samanlagður afli strandveiðibáta 2011 og þess ufsaafla sem brann inni í krókaaflamarkskerfinu að meðaltali síðastliðin tíu fiskveiðiár.
   Við ufsaveiðar minnkar sókn í þorsk og því um óverulega aflaaukningu að ræða.
b. Hvati til aukinnar sóknar í ufsa yrði með því að hafa þorskígildisstuðul á honum 0,30 í stað 0,73.
c. Að eignarhlutur í strandveiðibát verði að lágmarki 25% þannig að viðkomandi uppfylli ákvæði laganna um lögskráningu sem er forsenda fyrir strandveiðileyfi 2013.

Eftirfarandi undantekningar verði á ákvæðinu:

1. Vegna veikinda eða slysa eiganda sem leiða til þess að viðkomandi getur ekki róið.
2. Þegar barn eiganda rær, enda sé eignarhald báts á einni hendi eða að jöfnu í eigu foreldra.
3. Þegar einn hlutur jafnra eignarhluta er minni en 25%, enda vandséð hvernig hægt verði að róa þeim bát þegar fleiri en fjórir eiga í hlut.



Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is